

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um för yfir landamæri, nr. 866/2017.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Frá og með 15. júlí 2020 er útlendingum, sem hvorki eru EES- né EFTA-borgarar, eða ríkisborgarar Andorra, Mónakó, San Marino, eða Vatikansins, óheimilt að koma til landsins óháð því hvort þeir uppfylli skilyrði 5. gr., auk annarra skilyrða sem fram koma í 106. gr. útlendingalaga.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um útlendinga sem hafa gilt dvalarleyfi eða annars konar dvalar- eða búseturétt hér á landi eða í öðru EES- eða EFTA-ríki eða í Andorra, Mónakó, San Marino, eða Vatikaninu og aðstandendur þeirra skv. lögum um útlendinga.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um aðstandendur íslenskra ríkisborgara, EES- eða EFTA-borgara eða ríkisborgara Andorra, Mónakó, San Marino, eða Vatikansins, skv. lögum um útlendinga.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um útlendinga sem hafa sannanlega búsetu í einu af þeim ríkjum sem upp eru talin í viðauka við reglugerð þessa og eru að koma til landsins frá viðkomandi ríki.

Ákvæði 1. mgr. á ekki heldur við um útlendinga sem koma til landsins vegna brýnna erindagjörða, þ. á m. eftirtalda aðila:

- a. Farþega í tengiflugi.
- b. Starfsfólk á sviði heilbrigðisþjónustu og öldrunarþjónustu.
- c. Starfsfólk sem sinnir flutningum á vöru og þjónustu.
- d. Einstaklinga sem hafa þörf á alþjóðlegri vernd.
- e. Einstaklinga sem þurfa að ferðast vegna brýnna aðstæðna í fjölskyldu sinni.
- f. Diplómata, starfsmenn alþjóðastofnana, meðlimi herliðs og starfsmenn sem sinna mannúðaraðstoð.
- g. Námsmenn.
- h. Einstaklinga sem þurfa nauðsynlega að ferðast vegna starfa sem teljast efnahagslega mikilvæg og störf þeirra geta ekki verið framkvæmd síðar eða erlendis.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 18. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð nr. 655/2020.

Dómsmálaráðuneytinu, 10. júlí 2020.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.

Ragna Bjarnadóttir.

VIÐAUKI 4**Listi yfir ríki sbr. 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða.**

ALSÍR	NÝJA SJÁLAND
ÁSTRALÍA	RÚANDA
KANADA	SERBÍA
GEORGÍA	SUÐUR KÓREA
JAPAN	TÆLAND
SVARTFJALLALAND	TÚNIS
MAROKKÓ	ÚRUGVÆ

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.